

Dags.11. september, 2001.

Menntamálaráðuneytið

Tungumálakönnun ágúst 2001.

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

Innihald þessarar skýrslu er eingöngu til nota innanhúss hjá því fyrirtæki sem hana keypti. Öll opinber birting eða dreifing er óheimil.

Skv. skilmálum Persónuverndar, ber að gæta þess vandlega að farið verði með upplýsingar um þau fyrirtæki, sem tekin eru til samanburðar við það fyrirtæki sem óskar eftir könnun, sem trúnaðarmál, og að þær berist ekki til annarra aðila en þeirra sem óskað hafa eftir viðkomandi könnun. Jafnframt er því fyrirtæki óheimilt að birta upplýsingar um samanburðarfyrirtækin á nokkurn hátt.

Allur réttur áskilinn, 2001 © PricewaterhouseCoopers ehf.



Efnisyfirlit

1. Framkvæmd og heimtur
2. Yfirlit yfir spurningar og helstu niðurstöður
3. Tilviljanakennd úrtaksvilla
4. Hvernig lest þú skýrsluna?
5. Niðurstöður í myndum
6. Niðurstöður í töflum

Framkvæmd og heimtur

Framkvæmd

Stærð úrtaks:	1200
Gerð úrtaks:	Slembiúrtak.
Aldur:	18-75 ára.
Búseta:	Allt landið.
Framkvæmdamáti:	Símleiðis.
Framkvæmdatími:	Ágúst 2001

Heimtur

Heildarfjöldi svarenda:	732
Neita að svara:	303
Næst ekki í héraðis:	146
Búsettir erlendis, látnir eða veikir:	19
Svarhlutfall:	62,0%

* Þegar frá eru dregnir þeir sem eru búsettir erlendis, látnir eða veikir.

Bakgrunnsbreytur

Kyn:	Skv. þjóðskrá Hagstofu Íslands.
Aldur:	Skv. þjóðskrá Hagstofu Íslands m.v. fæðingarár viðmælanda.
Búseta:	Skráðar eru upplýsingar um póstnúmer og kjördæmi viðmælanda. Einnig er skráð hvort um er að ræða dreifbýli eða þéttbýli. Þegar notuð er skiptingin höfuðb.sv./landið eru eftirtalin póstnúmer talin til höfuðborgarsvæðis 101-170, 200-225 og 270.
Heimilistekjur fyrir skatta:	Skráðar eru heildartekjur fjölskyldu viðmælanda fyrir skatta. Lágtekjur miðast við tekjur undir 200 þús., millitekjur 200 – 399 þús. og hátekjufólk yfir 399 þús. Aðeins 18 ára og eldri spurðir.
Áskriftarsjónvarp:	Skráð er hvort greitt er fyrir afnot af áskriftarsjónvarpi á heimili viðmælanda.
Atvinna:	Atvinna viðmælanda er skráð skv. starfaflokkun Hagstofu Íslands (ÍSTARF).
Atvinnugrein:	Skráð er hvort viðmælandi vinni t.d. hjá hinu opinbera eða í annarri atvinnugrein.
Skólamenntun:	Skráð er eftir menntun viðmælanda í almenna skólakerfinu og þeim prófgráðum sem þar eru veittar.
Þátt. í dagl. innkaupum	Skráð er hvort viðmælandi taki þátt í að kaupa inn til heimilisins. Aðeins 18 ára og eldri spurðir.
Fjölskyldusamsetning:	Skráðar eru upplýsingar um aldursskiptingu fjölskyldu viðmælanda.

Yfirlit yfir spurningar og helstu niðurstöður

Spurningar

- Spurn. 1: Hvert er móðurmál þitt?
- Spurn. 2: Hvaða erlenda tungumáli telurðu mikilvægast að hafa vald á?
- Spurn. 3: En hvaða erlenda tungumáli telurðu næst mikilvægast að hafa vald á?
- Spurn. 4: Kannt þú einhver önnur tungumál en móðurmál þitt, og er þá átt við amk einhverja lágmarkskunnáttu?
- Spurn. 5: Hvaða erlendu tungumál myndir þú segja að þú kynnir vel?
- Spurn. 6: Hvaða erlendu tungumál myndir þú segja að þú kynnir nokkuð vel?
- Spurn. 7: Hvaða erlendu tungumál myndir þú segja að þú kynnir lítillega?
- Spurn. 8: Hvaða erlendu tungumál lærðir þú í skóla?
- Spurn. 9: Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) varstu/ertu almennt séð til kennsluaðferðanna sem notaðar voru/eru í skólanum í tungumálanámi?
- Spurn.10: Með hvaða öðrum hætti en með hefðbundnum lærdómi aflaðir þú þér kunnáttu í ...?
- Spurn.11: Hversu mikilvæg var/er menntunin sem þú aflaðir þér í erlendum tungumálum í skóla, fyrir tungumálakunnáttu þína í dag?
- Spurn.12: Hvaða tungumál myndir þú segja að þú notaðir að jafnaði mest, fyrir utan móðurmál þitt? Hvað af eftirfarandi lýsir best notkun þinni á því erlenda tungumáli sem þú kannt best?
- Spurn.13: "Nota tungumálið reglulega á vinnustað, ýmist talmál eða ritmál"
- Spurn.14: "Nota tungumálið á ferðalögum erlendis vegna vinnu, náms og/eða fríi"
- Spurn.15: "Í samskiptum við fjölskyldu og vini"
- Spurn.16: "Horfi á kvikmyndir, sjónvarp og hlusta á erlent útvarp"
- Spurn.17: "Við lestur bóka, dagblaða og tímarita"
- Spurn.18: "Á Internetinu"
- Spurn.19: Þegar þú ferð til Norðurlandanna, hvort talar þú aðallega Norðurlandamál eða ensku?
- Spurn.20: Þegar þú ferð til einhvers Evrópulands og ekki er um að ræða Norðurlöndin, Bretland eða Írland, hvort notar þú þá aðallega tungumál viðkomandi lands, ef þú hefur lært eitthvað í því, eða ensku?
- Spurn.21: Nú ætla ég að lesa upp lista yfir nokkrar námsaðferðir og aðstæður við tungumálanám. Hvaða aðferð hentaði þér best?
- Spurn.22: Hvaða tungumál hefðir þú mestan áhuga á að læra eða bæta kunnáttu þína í?
- Spurn.23: Hver væri meginástæða þess að þú tækir til við að læra nýtt tungumál?
- Spurn.24: Kennsla í fyrsta erlenda tungumálinu hefst nú við 10 ára aldur í íslenskum grunnskólum. Telur þú það vera heppilegan aldur eða finnst þér að hún eigi að hefjast fyrr eða síðar?
- Spurn.25: Hve mörg erlend tungumál finnst þér að nemendur ættu að læra í grunnskóla? Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandu fullyrðingum:

-
- Spurn.26: "Allir Íslendingar ættu að kunna amk eitt erlent tungumál"
- Spurn.27: Hvaða tungumál ætti það að vera?
- Spurn.28: "Allir íslendingar ættu að kunna að amk tvö erlend tungumál"
- Spurn.29: Hvaða erlend tungumál ættu það að vera?
- Spurn.30: "Það er gott framboð af tungumálanámskeiðum þar sem ég bý"
- Spurn.31: "Allir Íslendingar ættu að kunna ensku"
- Spurn.32: "Allir Íslendingar ættu að kunna eitt Norðurlandamál"
- Spurn.33: Vissir þú fyrir þessa könnun að árið 2001 er Evrópskt tungumálaár?
- Spurn.34: Hvernig barst þér sú vitneskja?
Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum:
- Spurn.35: "Það er enginn ávinningur fólgin í því fyrir mig að læra erlent tungumál"
- Spurn.36: "Að læra erlent tungumál myndi vera of erfitt eða tæki of mikinn tíma í dag fyrir mig"
- Spurn.37: "Að læra erlent tungumál myndi bæta atvinnumöguleika mína"
- Spurn.38: "Ég óska þess oft að geta talað amk eitt erlent tungumál"

Helstu niðurstöður

Tungumálaþekking landsmanna.

- Langstærstur hluti þátttakenda hefur íslensku að móðurmáli.
 - Langstærstur hluti þátttakenda telur ensku vera það erlenda tungumál sem mikilvægast er að hafa vald á. Þýska, spænska og danska eru þau tungumál sem flestir telja *næst* mikilvægast að hafa vald á. Lítil munur er á skoðunum fólks milli hópa. Marktækur munur er þó eftir aldri. Ungt fólk telur spænsku mikilvægari en þeir sem eldri eru og þeir sem eldri eru telja dönsku og Norðurlandamál mikilvægari en þeir sem yngri eru.
 - Stærstur hluti þátttakenda segist kunna ensku, næst á eftir koma danska og þýska en færri nefna önnur tungumál. Lítil munur er á tungumálaþekkingu kynjanna. Þó segjast fleiri konur en karlar kunna dönsku. Marktækur munur er á tungumálaþekkingu eftir aldri. Tungumálakunnátta fólks í yngstu aldurshópunum er nokkuð betri en þeirra sem eldri eru. Það er aðeins í sænsku og norsku sem eldra fólk segir þekkingu sína betri.
 - Stór hluti fólks segist kunna ensku *vel*. Næst á eftir kemur danska en fáir nefna önnur tungumál. Fjórðungur fólks kys að svara ekki spurningunni. Marktækur munur er á tungumálaþekkingu eftir aldri. Með hækkandi aldri fækkar þeim mjög sem segjast kunna ensku vel en þeim sem kunna dönsku vel fjölgar. Tæplega 96% fólks á aldrinum 18-29 ára segist kunna ensku vel.
 - Tæplega 38% sögðust kunna dönsku *nokkuð vel*, rúmlega 25% nefndu ensku og rúmlega 15% þýsku. Marktækur munur er á tungumálaþekkingu eftir aldri. Með hækkandi aldri fækkar þeim sem segja að þeir kunni dönsku nokkuð vel meðan þeim sem segjast kunna ensku nokkuð vel fjölgar.
 - Danska og þýska eru þau tungumál sem flestir segjast kunna *lítillega*. Marktækur munur er á tungumálaþekkingu eftir aldri. Með hækkandi aldri fækkar þeim sem segjast kunna dönsku lítillega meðan þeim sem segjast kunna ensku lítillega fjölgar mjög.
-

-
- Svo að segja allir hafa lært ensku og dönsku í skóla. Tæpur helmingur hefur lært þýsku og tæpur fimmtungur hefur lært frönsku. Lítil munur er eftir aldri á því hvaða tungumál fólk lærði í skóla. Fleiri hafa lært þýsku og spænsku í yngri aldurshópunum en þeim eldri meðan fleiri hafa lært latínu í elsta aldurshópunum en þeim yngri.

Kennsluaðferðir og nám í erlendum tungumálum.

- Stærstur hluti þátttakenda er frekar jákvæður í garð kennsluaðferðanna sem notaðar voru/eru í skólum í tungumálanámi. Lítil munur er á skoðunum fólks eftir hópum en karlar eru þó örlítið óánægðari en konur með kennsluaðferðir.
- Þeir sem kunna dönsku hafa helst aflað sér þekkingar á málinu í gegnum bækur og tímarit auk hefðbundins lærdóms. Margir lærðu einnig dönsku þegar þeir voru búsettir í landinu eða á ferðalögum. Nokkuð stór hluti fólks hefur aðeins lært dönsku á hefðbundinn hátt í skóla.
- Þeir sem kunna ensku hafa helst aflað sér þekkingar á málinu í gegnum bíómyndir og sjónvarp auk hefðbundins lærdóms. Margir lærðu einnig ensku gegnum bækur og tímarit eða á ferðalögum. Fáir hafa aðeins lært ensku á hefðbundinn hátt í skóla.
- Þeir sem kunna norsku hafa helst aflað sér þekkingar á málinu þegar þeir bjuggu erlendis eða í gegnum bækur og tímarit auk hefðbundins lærdóms. Fáir hafa aðeins lært norsku á hefðbundinn hátt í skóla.
- Þeir sem kunna sænsku hafa helst aflað sér þekkingar á málinu þegar þeir bjuggu erlendis eða í samskiptum við sænskumælandi fólk.
- Þeir sem kunna þýsku hafa helst aflað sér þekkingar á málinu á hefðbundinn hátt í skóla. Nokkuð stór hópur hefur einnig lært tungumálið í gegnum bækur og tímarit eða þegar þeir voru búsettir í þýskumælandi landi.
- Helmingur þátttakenda telur að menntunin sem aflað var í erlendum tungumálum í skóla hafi verið mjög mikilvæg fyrir tungumálakunnáttu þeirra. Með hækkandi aldri fækkar þeim sem telja að tungumálamenntun í skóla hafi verið mikilvæg en með aukinni menntun fjölgar þeim sem telja að menntunin hafi verið mikilvæg.

Almenn tungumálanotkun.

- Langstærstur hluti þátttakenda segir ensku vera það tungumál sem þeir nota mest fyrir utan móðurmál sitt. Almenn nota allir aldurshópar ensku mest allra tungumála utan móðurmáls. Fólk í elsta aldurshópnum notar þó ensku síður en þeir sem yngri eru en notar dönsku aftur á móti meira.
 - Helmingur þátttakenda notar það tungumál sem þeir kunna best reglulega á vinnustað. Hátekjufólk notar erlend tungumál frekar á vinnustað að þeir sem lægri tekjur hafa.
 - Mikill meirihluti fólks notar það tungumál sem það kann best á ferðalögum erlendis. Lágtekjufólk segist síður nota tungumál á ferðalögum erlendis en þeir sem hærri tekjur hafa. Þessi niðurstaða skýrist þó að einhverju leyti af því að lágtekjufólk ferðast síður en hátekjufólk.
 - Meirihluti fólks segist ekki nota tungumálið sem það kann best í samskiptum við fjölskyldu eða vini. Marktækt fleiri konur en karlar segjast nota tungumálið til samskipta.
 - Mikill meirihluti fólks notar tungumálið sem það kann best til að horfa á kvikmyndir, sjónvarp eða hlusta á útvarp. Með hækkandi aldri fækkar þeim sem nota tungumálið til að horfa eða hlusta á efni.
-

-
- Mikill meirihluti fólks notar tungumálið sem það kann best við lestur bóka, dagblaða og tímarita. Með aukinni menntun fjölgar þeim sem nota erlend tungumál við lestur.
 - Stærstur hluti fólks notar tungumálið sem það kann best á Internetinu. Tungumálanotkun fólks á Netinu er í samræmi við almenna Internetnotkun. Ungt fólk notar tungumál á Netinu marktækt meira en þeir sem eldri eru og þeir sem lokið hafa háskólamenntun nota tungumál meira en aðrir á Netinu.
 - Þegar niðurstöðurnar eru dregnar saman kemur í ljós að þátttakendur nota það tungumál sem þeir kunna best, mest á ferðalögum erlendis eða þegar horft er á kvikmyndir, sjónvarp eða hlustað á útvarp en minnst í samskiptum við fjölskyldu og vini.

Tungumálanotkun á ferðalögum.

- Fleiri segjast nota ensku en norðurlandamál þegar þeir fara til Norðurlandanna. Yngra fólk notar mun síður Norðurlandamál en þeir sem eldri eru meðan háskólamenntaðir nota Norðurlandamál meira en þeir sem minni menntun hafa. Einnig nota fleiri konur en karlar Norðurlandamál á Norðurlöndunum.
- Ríflegur meirihluti aðspurðra notar ensku þegar ferðast er í löndum þar sem enska er ekki ríkjandi móðurmál. Marktækur munur kemur fram á milli íbúa höfuðborgarsvæðisins og þeirra sem búa úti á landi, þar sem íbúar höfuðborgarsvæðisins nota meira tungumál viðkomandi lands á meðan íbúar á landsbyggðinni nota meira ensku. Ennfremur kemur fram marktækur munur á milli tekjuhópa þar sem lágtekjufólk notar meira tungumál viðkomandi lands.

Námsaðferðir við tungumálanám.

- Rúmlega 35% aðspurðra segja að sú námsaðferð sem henti þeim best sé að fara í heimsóknir til þeirra landa þar sem tungumálið er talað. Næst velur fólk hópkenndu með kennara og tæplega 18% hentar best að læra tungumál með því að eiga samtöl við einhvern sem hefur tungumálið að móðurmáli.
- Fleiri konum en körlum finnst betra að læra tungumál með því að fara í heimsóknir til landa þar sem tungumálið er talað. Körlum hentar hins vegar betur en konum að læra tungumál með því að tala við einhvern sem hefur tungumálið að móðurmáli.

Hvaða tungumál vill fólk helst læra?

- Flestir eða rúmlega 39% hafa áhuga á því að læra þýsku og 37% aðspurðra hafa áhuga á að læra spænsku.
 - Marktækur munur kemur fram á milli aldurshópa þar sem fólk á aldrinum 18 til 29 ára hefur meiri áhuga á að læra spænsku, frönsku og dönsku en aðrir aldurshópar. Hátekjufólk hefur frekar áhuga á því að læra þýsku en aðrir tekjuhópar á meðan lágtekjufólk vill frekar læra frönsku en fólk í öðrum tekjuhópum. Fólk sem lokið hefur háskólanámi hefur meiri áhuga á að læra spænsku og frönsku en fólk sem lokið hefur annars konar menntun.
 - Meginástæða þess að fólk tæki við að læra nýtt tungumál væri til þess að eiga samskipti við fólk sem talar annað tungumál og skilja annað tungumál. Almennur áhugi og ferðalög erlendis eru líka algengar ástæður sem fólk nefnir fyrir því að læra nýtt tungumál.
-

Kennsla í erlendum tungumálum í grunnskólum.

- Rúmur helmingur aðspurðra, eða tæplega 52%, telur að kennsla í fyrsta erlenda tungumálinu eigi að hefjast fyrr en hún gerir nú. Konur eru hlyntari því en karlar að tungumálakennsla hefjist fyrr. Marktækur munur kemur einnig fram milli aldurshópa þar sem fólk á aldrinum 30 til 49 ára telur frekar en aðrir aldurshópar að hefja eigi tungumálakennslu fyrr.
- Rúmur helmingur aðspurðra, eða rúmlega 54%, telur að nemendur eigi að læra tvö erlend tungumál í grunnskóla og tæplega 35% finnst að tungumálin eigi að vera þrjú. Karlar eru hlyntari því en konur að læra eigi tvö tungumál á meðan konum finnst frekar en körlum að nemendur eigi að læra þrjú erlend tungumál í grunnskóla. Fólk á höfuðborgarsvæðinu er hlyntara því en landsbyggðarfólk að læra skuli þrjú erlend tungumál í grunnskóla. Fólk sem hefur bóklega framhaldsmenntun að baki finnst frekar að læra eigi þrjú tungumál í grunnskóla en fólki með annars konar menntun að baki.
- Alls eru rúmlega 94% aðspurðra frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að allir Íslendingar ættu að kunna a.m.k. eitt erlent tungumál. Áhugavert er að af þessum 94% eru rúmlega 81% mjög sammála fullyrðingunni.
- Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem eru frekar eða mjög sammála því að Íslendingar eigi að kunna a.m.k. eitt tungumál telja að það tungumál eigi að vera enska.
- Marktækur munur kemur fram á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar þar sem íbúar höfuðborgarsvæðisins eru hlyntari því að Íslendingar læri a.m.k. tvö erlend tungumál heldur en fólk sem býr á landsbyggðinni.
- Rúmlega 38% þeirra sem telja að Íslendingar eigi að kunna a.m.k. tvö tungumál telja að annað tungumálið eigi að vera danska, rúmlega 18% finnst það eiga að vera þýska og rúmlega 11% finnst það eiga að vera spænska.
- Marktækur munur er á milli aldurshópa þar sem rúmlega 81% fólks á aldrinum 50 til 67 ár er frekar eða mjög sammála því að allir Íslendingar ættu að kunna eitt Norðurlandamál. Tæplega 74% fólks á aldrinum 18 til 29 ára er frekar eða mjög sammála því að kunna eitt Norðurlandamál.

Framboð á tungumálanámskeiðum.

- Marktækur munur á milli kynja þar sem fleiri konur en karlar eru frekar eða mjög sammála því að það sé gott framboð af tungumálanámskeiðum. Fólk á aldrinum 50 til 67 ára er meira sammála fullyrðingunni en aðrir aldurshópar. Fólk á höfuðborgarsvæðinu er meira sammála fullyrðingunni en fólk sem býr á landsbyggðinni.
 - Ríflegur meirihluti aðspurðra, eða tæplega 85%, vissu ekki um Evrópskt Tungumálaár 2001. Marktækur munur kemur fram á milli menntunarhópa þar sem fólk sem lokið hefur háskólanámi vissi einna helst af Evrópsku tungumálaári.
 - Af þeim sem vissu um Evrópska tungumálaárið lásu tæplega 22% um það í blöðunum og tæplega 20% fréttu það úr fjölmiðlum.
-

Tilviljanakennd úrtaksvilla

Í viðhorfskönnunum getur orðið til tilviljanakennd skekkja í svörum sökum þess að *úrtakið* endurspeglar *þýðið** ekki fyllilega. Hægt er að meta hversu mikil *tilviljanakennd úrtaksvilla* er að líkindum. Þegar það er gert er oftast miðað við 95% marktæktarmörk eða vissu. Matið sjálft felst í því að reiknuð er s.k. *vikmörk* fyrir hverja þá hlutfallstölu sem áhugi er fyrir að skoða. Í töflunni hér að neðan hafa vikmörk verið reiknuð fyrir nokkrar hlutfallstölur miðað við 95% vissu og með hjálp hennar er hægt að áætla gróflega hversu mikil úrtaksvillan er.

Notkun á töflunni verður best skýrð með dæmi: Niðurstöður úr skoðanakönnun þar sem 500 svör bárust segja að 10% svarenda noti vöru A. Með hjálp töflunnar getum við nú notað þessar tölur til að áætla með 95% vissu, hversu stór hluti þýðisins notar vöru A. Í dálkinum lengst til vinstri í töflunni finnum við hlutfallstöluna sem verið er að skoða (hér 10%) og í röðinni efst í töflunni finnum við fjölda svarenda (hér 500). Síðan finnum við hvar þessar tölur skerast og fáum þá út að vikmörkin sem við leitum að eru $\pm 2,6$. Það þýðir að með 95% vissu getum við fullyrt að milli 7,4% og 12,6% (10% $\pm 2,6$) þýðisins hafi keypt vöru A.

Hlutfall	Fjöldi svarenda									
	50	100	200	300	400	500	600	700	800	900
5 eða 95%	6,04	4,27	3,02	2,47	2,14	1,91	1,74	1,61	1,51	1,42
10 eða 90%	8,32	5,88	4,16	3,39	2,94	2,63	2,40	2,22	2,08	1,96
15 eða 85%	9,90	7,00	4,95	4,04	3,50	3,13	2,86	2,65	2,47	2,33
20 eða 80%	11,09	7,84	5,54	4,53	3,92	3,51	3,20	2,96	2,77	2,61
25 eða 75%	12,00	8,49	6,00	4,90	4,24	3,80	3,46	3,21	3,00	2,83
30 eða 70%	12,70	8,98	6,35	5,19	4,49	4,02	3,67	3,39	3,18	2,99
35 eða 65%	13,22	9,35	6,61	5,40	4,67	4,18	3,82	3,53	3,31	3,12
40 eða 60%	13,58	9,60	6,79	5,54	4,80	4,29	3,92	3,63	3,39	3,20
45 eða 55%	13,79	9,75	6,89	5,63	4,88	4,36	3,98	3,69	3,45	3,25
50%	13,86	9,80	6,93	5,66	4,90	4,38	4,00	3,70	3,46	3,27

Í dæminu hér að ofan kom fram að líklega hefðu 7,4% til 12,6% þýðisins keypt vöru A. Bilið sem þessar hlutfallstölur spanna er oftast nefnt *öryggisbil*. Þegar öryggisbil liggur fyrir er hægt að nota það til að meta hvort marktækur munur er milli hlutfallstalna. Það er einfaldlega gert með því að bera saman öryggisbil tveggja hlutfallstalna (úr sömu spurningu) og ef öryggisbil þeirra skarast, þá er ekki um marktækan munur að ræða. En aftur á móti ef öryggisbilið skarast ekki þá er hægt að segja að munurinn sé marktækur.

*Þýði er fjöldinn allur (t.d. allir „Íslendingar“ eða „verkafólk“) á meðan *úrtak* er sá hópur úr þýðinu sem við skoðum til að áætla hvernig þýðið lítur út.

Hvernig lest þú skýrsluna?

Í skýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðum á tvennan hátt, í myndum og í töflum.


Töflur: Fyrir hverja spurningu búum við til a.m.k. tvær töflur. Í annari töflunni er að finna svör allra þeirra sem spurðir voru. Í hinni töflunni má sjá svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar, þá hafa þeir verið teknir frá sem annað hvort svöruðu "veit ekki" eða neituðu að svara spurningunni. Í töflunum er svörin jafnframt greind eftir ýmsum bakgrunnsupplýsingum viðmælenda s.s. kyni, aldri, búsetu, menntun, atvinnu, heimilistekjum, og fjölskyldusamsetningu.

Myndir:


Í myndrænni framsetningu skýrslunnar er lögð áhersla á að greina helstu niðurstöður könnunarinnar á þann máta að þær verði lesandanum sem aðgengilegastar. Þar er m.a. fjallað um marktækt niðurstaðna ef við á.

Stundum krefst viðfangsefnið þess að það sé skoðað með öðrum hætti en vanalega. Þetta á t.d. við um kosningaspár, þá er lögð

Hér hafa sömu niðurstöður og í myndinni að ofan verið dregnar upp með vikmarkaðferð.



Sp.2: Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með lífið?



Tæp 48% aðspurðra sögðust vera mjög eða frekar ánægðir með lífið. Á þeim sömu töflu afstöðu til spurningarinnar sögðust karlar frekar vera ánægðir með lífið en konur, eða tæplaga 54% karlanna á meðal miðum 45% konanna. Yngra fólk var einnig ánæggt með lífið frekar en þeir sömu eldri fólk. 73% á landsbyggðinni var frekar ánæggt með lífið þeir sömu búa á höfuðborgarsvæðinu.

Fjöldatölur

Liður	Fjöldi
Allt	813
Tölu afstöðu	723
Í Mar	366
Í Apr	356
15-29 ára	266
30-49 ára	284
50-75 ára	172
Höfuðs. sv.	362
Landsl.	360
L. átt. þjóðfél.	107
Kennilofandi	107
Höfuðs. sv.	107

Tekið er sérstaklega fram ef um fá svör er að ræða í ákveðnum höfum.

sérstök áhersla á að sýna hvort um marktækan mun sé að ræða milli flokka.

Þegar um slíkt er að ræða eru myndir dregnar upp með þeim hætti að þær sýna glögglega þau vikmörk sem eru á niðurstöðunum.

Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum hverrar spurningar og því sem markverðast kemur fram í stuttum texta við hverja mynd.

Dokku línurnar sína niðurstöður könnunarinnar en grænu súlurnar sýna vikmörk niðurstaðna m.v. 95% öryggismörk. Vikmörkin sýna hversu mikið könnunin er líkleg til að vera frábrugðin þýðinu (landinu öllu). Þegar súlurnar skarast ekki er hægt að segja að marktækur munur sé á stærð viðkomandi hópa.

Aðrar aðferðir koma einnig til greina við myndræna framsetningu á niðurstöðum, s.s. markaðskort eða þá flóknari myndvinnsla eins og kassarit þar sem dreifing gagnanna er skoðuð. Slíkar aðferðir eru notaðar til að gera ítarlegri grein fyrir

gögnunum en gert er í hefðbundinni skýrslu. Ef þú hefur áhuga á ítarlegri greiningu gagnanna vertu þá í sambandi við markaðsdeild PwC og við drögum gögnin upp eftir þínum séróskum eða þá að við komum fram með ábendingar þar um.

Niðurstöður í myndum


Myndir í skýrslunni

Niðurstöður í töflum

Töflur í skýrslunni

Sp. 1: Hvert er móðurmál þitt?

Allt landið 18-67 ára.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Allir	732



Langstærstur hluti þátttakenda hefur íslensku að móðurmáli.

Sp. 2: Hvaða erlenda tungumáli telurðu mikilvægast að hafa vald á?

Allt landið 18-67 ára.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Allir	732

Mynd
2

Langstærstur hluti þátttakenda telur ensku vera það erlenda tungumál sem mikilvægast sé að hafa vald á. Fáir nefna önnur tungumál.

Sp. 3: En hvaða erlenda tungumáli telurðu næst mikilvægast að hafa vald á?

Allt landið 18-67 ára.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Allir	732

Mynd
3

Þýska, spænska og danska eru þau tungumál sem flestir telja næst mikilvægast að hafa vald á. Um fjórðungur nefnir hvert tungumál.

Sp. 3: En hvaða erlenda tungumáli telurðu næst mikilvægast að hafa vald á?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem tóku afstöðu. Greint eftir markhópum.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Þeir sem tóku afstöðu	663
Karlar	332
Konur	331
18-29 ára	173
30-49 ára	305
50-75 ára	185
Höfuðborgarsv.	421
Landið	242
Almennt nám	249
Starfsnám og verklegt framhald	108
Bóklegt framhald	140
Háskólanám	151

Mynd
4

Litill munur er á skoðunum fólks milli hópa. Marktækur munur er þó eftir aldri. Ungt fólk telur spænsku mikilvægari en þeir sem eldri eru og þeir sem eldri eru telja dönsku og norðurlandamál mikilvægari en þeir sem yngri eru.

Sp. 4: Kannt þú einhver önnur tungumál en móðurmál þitt, og er þá átt við amk einhverja lágmarkskunnáttu?

Allt landið 18-67 ára. Nokkur atriði nefnd.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Allir	732

Mynd
5

Stærstur hluti þátttakenda segist kunna ensku, næst á eftir koma danska og þýska en færri nefna önnur tungumál.

Sp. 4: Kannt þú einhver önnur tungumál en móðurmál þitt, og er þá átt við amk einhverja lágmarkskunnáttu?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem tóku afstöðu. Greint eftir kyni. Nokkur atriði nefnd. Mest nefndu tungumálin.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Þeir sem tóku afstöðu	688
Karlur	348
Konur	340

Mynd
6

Lítill munur er á tungumálabeckingu kynjanna. Þó segjast fleiri konur en karlar kunna dönsku.

Sp. 4: Kannt þú einhver önnur tungumál en móðurmál þitt, og er þá átt við amk einhverja lágmarkskunnáttu?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem tóku afstöðu. Greint eftir aldri. Nokkur atriði nefnd. Mest nefndu tungumálin.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Þeir sem tóku afstöðu	688
18-29 ára	193
30-49 ára	319
50-75 ára	176

Mynd
7

Marktækur munur er á tungumálþekkingu eftir aldri. Tungumálakunnátta fólks í yngstu aldurshópnum er nokkuð betri en þeirra sem eldri eru. Það er aðeins í sænsku og norsku sem eldra fólk segir þekkingu sína betri.

Sp. 5: Hvaða erlendu tungumál myndir þú segja að þú kynnr vel?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem segjast kunna einhver erlend tungumál. Nokkur atriði nefnd.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Þeir sem segjast kunna einhver erlend tungumál	683

Mynd
8

Stór hluti fólks segist kunna ensku vel. Næst á eftir kemur danska en fáir nefna önnur tungumál. Fjórðungur fólks kys að svara ekki spurningunni.

Sp. 5: Hvaða erlendu tungumál myndir þú segja að þú kynnir vel?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem segjast kunna einhver erlend tungumál og sem tóku afstöðu. Greint eftir aldri. Nokkur atriði nefnd. Mest nefndu tungumálin.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Þeir sem tóku afstöðu	508
18-29 ára	169
30-49 ára	232
50-75 ára	107



Marktækur munur er á tungumálþekkingu eftir aldurshópum. Með hækkandi aldri fækkar þeim mjög sem segjast kunna ensku vel en þeim sem kunna dönsku fjölgar. Tæplega 96% fólks á aldrinum 18-29 ára segist kunna ensku vel.

Sp. 6: Hvaða erlendu tungumál myndir þú segja að þú kynnr nokkuð vel?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem segjast kunna einhver erlend tungumál og nefndu önnur mál í sp.5.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Þeir sem nefna önnur tungumál en í sp.5.	596

Mynd
10

Tæplega 38% sögðust kunna dönsku nokkuð vel, rúmlega 25% nefndu ensku og rúmlega 15% þysku.

Sp. 6: Hvaða erlendu tungumál myndir þú segja að þú kynnir nokkuð vel?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem segjast kunna einhver erlend tungumál, nefndu önnur mál en í sp.5 og sem tóku afstöðu. Greint eftir aldri. Nokkur atriði nefnd. Mest nefndu tungumálin.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Þeir sem tóku afstöðu	466
18-29 ára	140
30-49 ára	218
50-75 ára	108

Mynd
11

Marktækur munur er á tungumálaþekkingu eftir aldri. Með hækkandi aldri fækkar þeim sem segja að þeir kunni dönsku nokkuð vel meðan þeim sem segjast kunna ensku nokkuð vel fjölgar.

Sp. 7: Hvaða erlendu tungumál myndir þú segja að þú kynnir lítillega?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem segjast kunna einhver erlend tungumál og nefndu önnur mál í sp.5 og 6.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Þeir sem nefna önnur tungumál en í sp.5 og 6.	628

Mynd
12

Danska og þýska eru þau tungumál sem flestir segjast kunna lítillega.

Sp. 7: Hvaða erlendu tungumál myndir þú segja að þú kynnr lítillega?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem segjast kunna einhver erlend tungumál, nefndu önnur en í sp.5 og 6 og sem tóku afstöðu. Greint eftir aldri. Nokkur atriði nefnd. Mest nefndu tungumálin.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Peir sem tóku afstöðu	495
18-29 ára	138
30-49 ára	226
50-75 ára	131

Mynd
13

Marktækur munur er á tungumálaþekkingu eftir aldri. Með hækkandi aldri fækkar þeim sem segjast kunna dönsku lítillega meðan þeim sem segjast kunna ensku lítillega fjölgar mjög.

Sp. 8: Hvaða erlendu tungumál lærðir þú í skóla?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem segjast kunna einhver erlend tungumál.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Þeir sem segjast kunna einhver erlend tungumál	682

Mynd
14

Svo að segja allir hafa lært ensku og dönsku í skóla. Tæpur helmingur hefur lært þýsku og tæpur fimmtungur hefur lært frönsku.

Sp. 8: Hvaða erlendu tungumál lærðir þú í skóla?

Allt landið 18-67 ára. Þeir sem segjast kunna einhver erlend tungumál og sem tóku afstöðu.
Greint eftir aldri. Nokkur atriði nefnd. Mest nefndu tungumálin.



Fjöldatölur


Hópur	Fjöldi
Þeir sem tóku afstöðu	679
18-29 ára	193
30-49 ára	316
50-75 ára	170

Mynd
15

